

**Nd.**

**39. Frumvarp**

til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Flutningsmaður: Þorleifur Jónsson.

2. gr. A 1. í vegalögum frá 4. júní 1924 breytist þannig:

- a. Á eftir orðinu »Skeiðarársand« bætist inn í:  
Öræfi og Breiðamerkursand.
- b. Fyrir »Hóla í Nesjum« komi:  
Höfn í Hornafirði.

**Greinargerð.**

Um breytingar þær, sem þetta frv. fer fram á að gerðar sjeu á vegalögum, er það styst að segja, að þær verða að teljast sjálfsagðar. Hin fyrri af því, að þetta hefir auðsælega fallið óviljandi úr við samning laganna, og má ekki svo búið standa, þar eð hjer er um svo stór svæði að ræða, sem sje heila sveit (Öræfin) og þann lengsta sand, sem þjóðvegur er yfir á landi hjer (Breiðamerkursand). Síðari breytingin er einnig á liðnu ári orðin sjálfgefin, þar eð nú er búið að flytja bæði póstafrgreiðsluna og aðalstöð landssimans í kaupúnið Höfn, sem hvorugt var, þegar vegalögin voru afgreidd í fyrra. — Vegarkafinn á Höfn (sem að þessu hefir talist til sýsluvega og mikið fje var lagt í frá sýslunni á síðasta sumri, til endurbyggingar) verður því nú að komast í tölu þjóðvega.